

ÚRSKURÐARNEFND Í VÁTRYGGINGAMÁLUM

Vátryggingaeftirlitið · Suðurlandsbraut 6 · 108 Reykjavík · Sími: 568 5188 · Fax: 568 5253

Mál nr. 219/2006

(M)
og
(V)

Ágreiningur um bætur fyrir afnotamissi bifreiðar

Gögn

1. Málskot móttekið 01.11. 2006 ásamt fylgiskjölum
2. Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.11.2006

Málsatvik

Bifreið (M) skemmdist af völdum fyrirtækis sem hafði keypt frjálsa ábyrgðartryggingur hjá V. M. valdi verkstæði til að gera við bílinn af lista yfir verkstæði sem V mælti með. M. kom bílnum þangað til viðgerðar þegar verkstæðið óskaði eftir því en hafði engin önnur afskipti af viðgerðinni, útvegum varahluta eða sprautun. Viðgerðin dróst vegna tafa á afhendingu varahluta og neitaði V. að greiða afnotamissi allan viðgerðartímann fyrir afnot af bílaleigubíl sem V. útvegaði M þegar viðgerðin hófst.

M. telur sig eiga rétt til bóta fyrir allan þann tíma sem bíllinn var til viðgerðar og hann hafði ekki afnot hans. M. nefnir að V. benti á verkstæðið. Verkstæðið ákvað hvenær viðgerð átti að hefjast og pantaði varahluti.

Stendur ágreiningur aðila um bætur fyrir tímabilið 21.8 til 4.9 2006

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum, aðdraganda viðgerðarinnar sem V. stjórnaði og hlut verkstæðisins sem framkvæmdi viðgerðina að ábendingu V. og sá um útvegum varahluta, er ekki tilefni til að skerða rétt M. til bóta fyrir afnotamissi bifreiðarinnar.

Niðurstaða

M. á rétt til bóta fyrir afnotamissi bifreiðarinnar 21.08 til 04.09. 2006

Reykjavík 5. desember 2006

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.